*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 130/2023
*komudagur* 19.4.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Öræfi, 18.apríl 2004.

Athugasemd við tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, mál 155.

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) fagna því að hugmyndir skulu vera uppi um að auka fjármagn til þjóðgarðsins í Skaftafelli, eins og markmið þingsályktunar er. NAUST telur eðlilegt að þær sértekjur sem þjóðgarðurinn aflar verða notaðar til uppbyggingar á svæðinu, en að öðru leyti tekur NAUST ekki afstöðu til fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins.

Með auknum fjölda gesta í þjóðgarðinn eykst slit göngustíga og álag á viðkvæma náttúru svæðsins. Ef halda eigi ásýnd svæðisins sem náttúruperla Íslands og koma í veg fyrir að gróður og dýralíf hljóti skaða, þá er nauðsynlegt að byggja upp góða göngustíga til að stjórna umferð gesta. Til þess þarf meira fjármagn en þjóðgarðurinn hefur í dag.

Virðingarfyllst

Ulla R. Pedersen

Ulla R. Pedersen
Formaður NAUST